



- Verkfæri til að koma á gæðastjórnunarkerfi -

ISO 9001:2000 Vinnubók fyrir þjónustufyrirtæki

Í síðasta tölublaði *Staðlamála* var minnst Lá vinnubók sem ætlað er að auðvelda þjónustufyrirtækjum að taka upp gæðastjórnunarkerfi samkvæmt gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001. Nú er vinnubókin komin út og hægt er að panta hana á heimasíðu Staðlaráðs, www.stadlar.is, og sjá sýnishorn af henni.

Ápreifanlegar niðurstöður

Í vinnubókinni er sett fram aðferðafræði fyrir þjónustufyrirtæki sem taka ákvörðun um að innleiða gæðastjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 9001 og e.t.v. sækja um vottun. Hjálpartækin í vinnubókinni (spurningar, gátlistar og leiðbeiningar um áætlanagerð) miðast við ákvarðanir og umræður sem þörf er á innan fyrirtækja til þess að innleiða árangursríka gæðastjórnun og tryggja að ferlið skili raunverulegum virðisauka. Hjálpartækin eru ætluð til þess að einfalda ferli innan fyrirtækjanna og gera þau skilvirkari, ekki til þess að koma á fyrirfram skilgreindu gæðakerfi.

Vinnubókinni er skipt niður í átta meginkafla, eins og lýst er hér að neðan, en einnig eru í bókinni viðaukar til frekari upplýsingar.

1. Notkun bókarinnar
2. ISO 9001:2000 – samantekt

3. Að taka ákvörðun
4. Nálgunin skipulögð
5. Hönnun gæðastjórnunarkerfisins
6. Skjalastjórnun
7. Að öðlast vottun
8. Að vottun lokinni

Hver kafli er settur fram í formi spurninga og æfinga sem notendum er ætlað að vinna sjálfir úr. Í upphafi hvers kafa er gefin hugmynd um tímamann sem að jafnaði þarf að verja til þeirra mála sem rædd eru í kaflanum og hverjir þurfi (að lágmarki) að koma að málum.

Svör við spurningum

Vinnubókin veitir bein svör við fjölmörgum spurningum, svo sem eins og:

- Hvað þurfum við að gera til þess að fá vottun?
- Hverjir eru það sem votta?
- Hvað gerir vottunarstofan?
- Hverjir eru úttektarmenn?
- Hversu langan tíma tekur vottunin?

Svo mætti áfram telja, en fyrst og fremst gengur bókin út á að leiða starfsfólk áfram, skref fyrir skref, við það að innleiða gæðastjórnunarkerfi. Í því felst – til að byrja með – að starfsfólkið svarar skipulega – með



Vinnubókin gerir ráð fyrir hópvinnu.

aðstoð vinnublaða í bókinni – spurningum á borð við.

- Til hvers að öðlast vottun?
- Hverjar eru afleiðingar þess að öðlast ekki vottun?
- Ætti okkar fyrirtæki að sækjast eftir vottun?
- Hver er hagstæðasta tímasetning vottunar?

Þegar slíkum spurningum hefur verið svarað er tekið til óspilltra málanna við að byggja upp gæðakerfi fyrirtækisins með aðstoð vinnubókarinnar.

ISO 9001:2000 Vinnubók fyrir þjónustufyrirtæki er, eins og áður sagði, hægt að panta á www.stadlar.is. Þar er jafnframt hægt að sjá efnisyfirlit og fyrstu kafa bókarinnar.

Námskeið 7. og 8. febrúar

Stjórnun upplýsingaöryggis
samkvæmt ISO/IEC 17799

- Lykilatriði og notkun -

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is

Rafiðnaður

- bls. 3

Byggingariðnaður

- bls. 4

ISO 9001:2000

Vinnubók fyrir þjónustufyrirtæki

Í vinnubókinni er sett fram aðferðafræði fyrir þjónustufyrirtæki sem taka ákvörðun um að innleiða gæðastjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 9001 og e.t.v. sækja um vottun.

Hjálpartækin í vinnubókinni (spurningar, gátlistar og leiðbeiningar um áætlanagerð) miðast við ákvarðanir og umræður sem þörf er á innan fyrirtækja til þess að innleiða árangursríka gæðastjórnun.

Nánari upplýsingar og
pantanir á www.stadlar.is



NÁMSKEIÐ 28. FEBRÚAR

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir

Innri úttektir samkvæmt ISO 19011

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að gera innri gæðaúttektir samkvæmt staðli eða þurfa að þekkja hvernig innri úttektir ganga fyrir sig.

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is

- Rafmagnsmál -

Breyting á reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971

Í desember á síðasta ári voru gerðar líklegar breytingar á reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 og munu þær hafa veruleg áhrif á rafmagnsöryggi hér á landi.

Helstu breytingar

Helstu breytingarnar eru þær að að kafli 2 *Heiti og hugtök* og kafli 3 *Reglur um gerð, tilhögun og starfrækslu raforkuvirkja* í reglugerðinni eru felldir niður.

Þess í stað skulu háspennt raforkuvirki, háspenntar loftlínur, ásamt lágspenntum raforkuvirkjum (neysluveitum) og lágspenntum loftlínur uppfylla ákveðnar grunnkröfur sem tilgreindar eru í grein 1.10 í reglugerðinni, ásamt sérstökum öryggiskröfum sem tilgreindar eru í greinum 1.11, 1.12 og 1.13.

Grunnkröfurnar skv. grein 1.10 taka á eftirfarandi þáttum:

- Vörn gegn raflosti
- Vörn gegn hitaárun og kraftrænni áraun
- Vörn gegn yfirspennu
- Merkingu og skráningu virkja
- Viðhaldi virkja

Öll virki sem gerð eru samkvæmt íslenskum stöðlum og sérstökum öryggiskröfum, sem

tilgreindar eru í greinum 1.11, 1.12 og 1.13 eru álitin uppfylla fyrirnefndar grunnkröfur.

Þeir staðlar sem hér um ræðir eru:

- ÍST EN 50341-1:2001 *Loftlínur fyrir hærri riðspennu en 45 kV. – Almennar kröfur*
- ÍST EN 50341-3-12:2001 *Loftlínur fyrir hærri riðspennu en 45 kV. – Íslensk sérákvæði*
- ÍST EN 50423-1:2005 *Loftlínur fyrir riðspennu frá 1 kV til og með 45 kV. – Almennar kröfur*
- ÍST EN 50423-3:2005 *Loftlínur fyrir riðspennu frá 1 kV til og með 45 kV. – Íslensk sérákvæði*
- ÍST 170:2005 *Háspennuvirki fyrir riðspennu yfir 1 kV.*
- ÍST 200:2006 *Raflagnir bygginga*

Staðlaráð Íslands annast sölu á þessum stöðlum. Rétt er að taka fram að loftlínustaðlarnir eru á ensku en það er verið að þýða þá á íslensku og mun því verða lokið á þessu ári.

Hafa ber í huga að sé beitt öðrum aðferðum við gerð virkja en kveðið er á um í fyrrgreindum stöðlum skulu þær aðferðir og ástæður fyrir beitingu þeirra skjalfestar.

Rétt er að taka fram að það mun verða heimilt fram til 1. janúar 2009 að fara eftir




Jóhann Ólafsson, sviðsstjóri öryggissviðs Neytendastofu

eldri ákvæðum reglugerðar nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum, eins og við á, vegna vinnu við raflagnir lágspenntra neysluveitna. Vinnu við þær raflagnir skal þó lokið eigi síðar en 1. janúar 2010.

ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki - Leiðsögn

Með bókinni geta fyrirtæki notið leiðsagnar manna sem áttu stærstan þátt í gerð ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna og gerst þekkt á hvernig taka á upp gæðastjórnunarkerfi byggt á ISO 9001:2000.

Pantanir og nánari upplýsingar á www.stadlar.is





- ISO 21930:2007 -

Vistvænni byggingariðnaður

Nýr alþjóðlegur staðall um vistvænni byggingariðnað hefur tekið gildi. Umræddur staðall, ISO 21930:2007 *Sustainability in building construction – Environmental declaration of building products*, miðar að því að draga úr áhrifum byggingarframkvæmda á umhverfið. Þeir sem geta haft gagn af staðlinum eru hönnuðir, framleiðendur byggingarvara, notendur bygginga og annarra mannvirkja, eigendur og aðrir sem tengjast byggingariðnaði.

Tækifæri til umbóta

Byggingariðnaðurinn veitir miklum fjölda manna atvinnu, en er um leið iðnaður sem skilur eftir sig mikinn úrgang og mengun. Í löndum Evrópu er áætlað að um 40% úrgangs megi rekja til byggingariðnaðar. Það segir sig því sjálft að þar gefast mörg tækifæri til umbóta, tækifæri sem nauðsynlegt er að nýta ef umhverfismarkmið Kyoto-ráðstefnunnar og ráðstefnunnar í Ríó eiga að ná fram að ganga.

Umhverfisyfirlýsingar

Í staðlinum er lýst grundvallaratriðum og



Í Evrópulöndum er áætlað að um 40% úrgangs megi rekja til byggingariðnaðar

megindráttum svonefndra *umhverfisyfirlýsinga* fyrir byggingarvörur, en þar kemur meðal annars til álita líftími mannvirkja. Höfuðmarkmið umhverfisyfirlýsinga í byggingariðnaði er að auka eftirspurn þeirra byggingarvara sem -

samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum - eru umhverfisvænni en aðrar sambærilegar vörur. Notendur slíkra vara þurfa að geta reitt sig á hlutlægar upplýsingar, og því er grundvallaratriði að umhverfisyfirlýsingar séu gerðar á samræmdan og sambærilegan hátt.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú spilar handbolta

Staðallinn ÍST EN 749:2007 *Playing field equipment - Handball goals - Functional and safety requirements, test methods* er meðal staðla sem snúast um tæki fyrir íþróttir.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.